

Borgarbyggð
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 3. september 2018
UST201806-250/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Melabraut á Hvanneyri

Vísað er til erindis Borgarbyggðar þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi athafnasvæðis að Hvanneyri. Skipulagssvæðið er nyrst og austast í útjaðri þéttbýlis á Hvanneyri í Borgarbyggð, og er alls 5,8 ha. Uppbygging er þegar hafin á 2 lóðum á skipulagssvæðinu.

Friðlýst svæði


Eins og fram kemur í greinargerð skipulagstillögunnar er Hvanneyri friðlýst sem búsvæði frá 2002 og árið 2011 var búsvæðið stækkað og fékk þá nafnið Andakíll. Markmið friðlýsingarinnar er að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands fjölbreytts votlendis og búsvæða fjölmargra fuglategunda.

Í auglýsingu um verndun búsvæðis fugla í Andakíl frá 2. febrúar 2011 kemur fram að umsjón og rekstur hins friðlýsta svæðis skuli vera í höndum Votlendisseturs Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun. Einnig kemur fram í auglýsingunni að leyfi Umhverfisstofnunar og Borgarbyggðar þarf til framkvæmda á hinu friðlýsta svæði þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að á framkvæmdatíma sé tekið tillit til fuglalífs þ.e. varptíma fugla, svo ekki verði um ónæði að ræða. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að við val á byggingarefni við framkvæmdir á ofangreindu svæði sé tekið mið af því að engin óæskileg efni geti borist út í votlendi á hinu friðlýsta svæði.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Rakel S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur